

Reir verk ehf.  
b.t. Framkvæmdastjóra  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík

**Tegund skoðunar:** Takmörkuð úttekt 23.10.2018

**Staðsetning skoðunar:** Vegamótastígur 7-9

**Deild:**

**Eftirlitsmaður:** [REDACTED]

**Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:**  
[REDACTED]

#### **Upplýsingar tengdar heimsókn:**

Takmörkuð skoðun á verkstað við Vegamótastíg 7-9 í Reykjavík. Verkstaður skoðaður og öryggismál rædd við stjórnendur verksins. Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna og öryggisatriði á verkstað eru í ólagi er vinna bönnuð á verkstað að hálfu Vinnueftirlits. Heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

**Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]**

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

#### **Kynning**

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

**Athugasemd 1 - Starfsmannarými**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Kaffi og mataraðstaða starfsmanna við verkið er óviðunandi.

Fyrirmæli

Gera skal úrbætur strax á kaffi og mataraðstöðu starfsmanna við verkið.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

**Athugasemd 2 - Starfsmannarými**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Salernisaðstaða starfsmanna við verkið er ekki til staðar.

Fyrirmæli

Útvega skal starfsmönnum fullnægjandi salernisaðstöðu við verkið.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

**Athugasemd 3 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvörnum á verkpöllum við húsið er ófullnægjandi. Fjarlægð verkpalls frá húsi er allt að 45 cm á sumum stöðum. Slík fjarlægð skapar slyshættu fyrir starfsmenn. Fjarlægð milli veggjar og innri brúnar verkpalls má ekki vera meiri en 30 cm án þess að sett sé upp handrið á verkpallinn að innanverðu. Handrið og fallvarnir á verkpöllum bakvið húsið ábótavant og handrið vantar.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna við vinnu í hæð á verkstað.

Lög & reglur:

331/1989: Reglur um röraverkpalla

729/2018: Reglugerð um röraverkpalla

**Athugasemd 4 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Hætta er af bendijárnum og drasli á umferðaleiðum á verkstað. Starfsmenn þurfa að fara um verkstaðinn þar sem allskonar byggingaefni liggur á við og dreif og án skipulags, það skapar aukna slyshættu.

Umferðarleið upp á verkpalla við húsið og upp í byggingarkrana í lausum stigum eru ófullnægjandi,

Fyrirmæli

Ganga skal frá umferðarleiðum á verkstað þannig að öryggi starfsmanna sé tryggt.

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

**Athugasemd 5 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Við störf á verkstað eru kranastjórnandi með erlend kranaréttindi sem ekki hafa verið staðfest eða samþykkt af Vinnueftirlitinu. Öll erlend kranaréttindi þurfa fá samþykki Vinnueftirlitsins áður en menn byrja að stýra krana á verkstað.

Fyrirmæli

Aðeins þeir sem hlotið hafa samþykki Vinnueftirlitsins á sínum erlendum kranaréttindi geta stýrt byggingarkrönum á verkstað.

Lög & reglur:

198/1983: Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum

**Athugasemd 6 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Opin göt og op á gólfplötum í húsinu. Fallhætta er fyrir hendi. Lokun þeirra ekki fullnægjandi á öllum stöðum.

Fyrirmæli

Tryggja skal öryggi starfsmanna vegna fallhættu á verkstað. Loka götum í gólfi á fullnægjandi hátt

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

**Athugasemd 7 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Öryggishlífar á borðsög og slípirokk vantar. Notkun á þeim er bönnuð, þar til tilskyldrar öryggishlífar hafa verið settar á tæki.

Fyrirmæli

Setja skal tilskyldrar öryggishlífar á tæki.

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

046/1980 85 gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Leiðbeiningar:

367/2006

2.8. Þegar hætta er á viðkomu við tækjahluta á hreyfingu þannig að slys getur hlotist af, skulu hafðar á þeim hlífar eða annar viðeigandi búnaður sem hindrar að unnt sé að komast á hættusvæði eða stöðvar hreyfingu þeirra hluta áður en á hættusvæði er komið.

**Athugasemd 8 - Öryggi**

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þar sem veigamikil aðbúnaðarmál starfsmanna og öryggisatriði á verkstað eru í ólagi metur Vinnueftirlitið það að veruleg hætta sé á ferðum fyrir lífi og heilbrigði starfsmanna.

Fyrirmæli

Öll vinna við byggingaframkvæmdir í húsnæði við Vegamótastíg 7-9 er bönnuð þar til búið er að gera úrbætur í samræmi við fyrirmæli og Vinnueftirlitið hefur aflétt banninu. Þrátt fyrir framangreint bann er heimilt að vinna að úrbótum á öryggismálum. Bann við vinnu er sett á grundvelli 85.gr. laga nr 46/1980

Lög & reglur:

046/1980 85 gr.: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Áður en tímafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið [REDACTED]

[REDACTED]

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

#### **Andmælaréttur**

Samkvæmt 13. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

#### **Áfrýjun úrskurða**

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

